

Námstækni og heimanám valgrein í 8.9. og 10. bekk.

Námstæknin er ætluð til að aðstoða nemendur við að tileinka sér árangursríkar aðferðir í námi og jafnframt stuðla að aukinni sjálfspekingu.

Markmið:

- ✚ að kynna nemendum árangursríkar aðferðir í námi
- ✚ að stuðla að því að nemendur meti og endurskoði námsvenjur sínar og aðrar lífsvenjur sem geta haft áhrif á nám
- ✚ að aðstoða nemendur við að setja sér raunhæf markmið í námi sínu
- ✚ að stuðla að auknu sjálfstrausti nemenda

Boðið verður upp á heimanám þar sem nemendur geta unnið í þeim viðfangsefnum sem þeir eiga að vinna í hverju sinni, með aðstoð kennara.

Kenndir verða 2 tímar í viku.

Í byrjun hvorrar annar fara að jafnaði 10-15 mín af hverjum tíma í umfjöllun um námstækni og verklegar æfingar tengdar námstækni, seinni hluta tímans er unnið að heimanámi.

Námsmat:

- ✚ Símat kennara og mat nemandans sjálfs á framförum sínum, mat á markmiðssetningu. Í þessum áfanga gildir áhugi til jafns við árangur.